

NÝTT STARF



BRÁÐABIRGÐARÖÐUN

BÚA TIL
STARFSLÝSINGU

Þegar nýtt starf verður til er mjög mikilvægt að skilgreina strax í upphafi helstu kröfur, innhald og markmið starfsins í starfslýsingu.

Hægt er að nálgast tillögu að formi fyrir starfslýsingu á heimasíðu starfsmatsins.

SAMBAND
ÍSLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA:

Starfsmannastjóri ásamt fulltrúa viðkomandi stéttarfélags ákvarðar bráðabirgðaröðun á nýjum störfum fyrstu 6 mánuðina.

Við röðun skal taka mið af starfslýsingu og hvernig öðrum svipuðum eða sambærilegum störfum hefur verið raðað skv. starfsmatinu.

Hægt er að skoða starfsmatsröðun mismunandi starfahópa Sambandsins á heimasíðu starfsmatsins.

Verði ágreiningur um bráðabirgðaröðun er hægt að óska eftir tillögum frá starfsmatsráðgjöfum.

REYKJAVÍKURBORG

REYKJAVÍKURBORG:

Mannauðsstjórar sviða útbúa beiðni til deildarstjóra miðlægrar mannauðsdeildar. Beiðnin inniheldur starfslýsingu, tillögu að starfsheiti, bráðabirgðaröðun út frá sambærilegum störfum og rökstuðning fyrir stofnun starfsins.

Beiðni má finna á heimasíðu starfsmatsins sem og form fyrir starfslýsingu.

Starfsmatsráðgjafar senda mannauðsstjórum sviða samþykkt um stofnun starfs og bráðabirgðaröðun.